



LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **M-00910/AIG-09**

Dags: **25. maí 2010**

Staður: **Reykjavíkflugvöllur**

Lýsing: **Alvarlegt flugumferðaratvik og hreyfilstöðvun**

Flugnemi á flugvél TF-KFB (Diamond DA-20) var að fara í sitt fyrsta einliða-yfirlandsflug (Solo,X-Country) frá Keflavíkflugvelli. Fyrir flugið lagði hann inn eftirfarandi flugáætlun: Keflavík-Reykjavík-Stórikroppur-Stykkishólmur-Rif-Dagverðará-Kaldármelar-Reykjavík-Keflavík. Flugþol 4 klst. og 20 mín., áætlaður flugtími 3 Klst. Við brottför frá Keflavíkflugvelli var flugmaðurinn meðvitaður um að eldsneyti væri takmarkað og áætlaði hann að fara fyrst til Reykjavíkflugvallar og taka eldsneyti þar. Fyrir landingu á Reykjavíkflugvelli var hann í sambandi við flugturninn sem beindi honum inn á flugbraut 01. Flugmaðurinn á TF-KFB kom hinsvegar inn á lokastefnu 13 og stefndi þannig á móti annarri flugvél sem var að koma inn til landingar á flugbraut 31. Flugmaðurinn fékk þá skilaboð frá flugturni að hætta við landingu, sveigja af til suðurs og koma inn til landingar á flugbraut 01. Þegar flugmaðurinn á TF-KFB var lentur á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli stöðvaðist hreyfill flugvélarinnar og staðnæmdist hún á flugbrautinni.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 21. nóvember 2013.